

Ed.

676. Breytingartillaga

[129. mál]

við frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá Ragnari Arnalds.

Aftan við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða:

Áður en lög þessi koma til framkvæmda skal íbúum Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps, Skilmannahrepps og Leirár- og Melasveitar í Borgarfjarðarsýslu gefinn kostur á að taka afstöðu til byggingar járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Þátttaka í atkvæðagreiðslunni er bundin við þá, sem kosningarétt hafa til Alþingis. Verði niðurstaðan sú, að meiri hluti þeirra, sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni, hafnar byggingu verksmiðjunnar koma lög þessi ekki til framkvæmda.